

Reykjavík, 24. mars 2020

Fjárlaganefnd Alþingis

Alþingi við Austurvöll

Varðar: Frumvarp til fjárukalaga, 150.löggjafarþing 2019–2020, þingskjal 1172 — 695. Mál

Vísað er til óskar nefndarinnar um umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja um ofangreint mál.

Umsögn SFF lýtur eingöngu að því ákvæði frumvarpsins sem heimilar ríkissjóði „að leita samninga við Seðlabanka Íslands um að bankinn veiti fyrirgreiðslu til að auðvelda viðbótarlán lánastofnana til fyrirtækja, sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónaveiru“ eins segir í frumvarpinu. Tilgangur þessa er eins og kemur fram greinargerð með frumvarpinu að “auka möguleika fyrirtækja í tímabundnum vanda til að afla sér tímabundins lausafjár með því móti að ríkissjóður ábyrgist helming slíkrar viðbótarlántöku“.

Samtök fjármálafyrirtækja eru fylgjandi samþykkt þessara ákvæða. SFF vilja vekja athygli nefndarinnar á nokkrum atriðum sem hún ætti að skoða nánar áður málð er afgreitt frá Alþingi.

1. Samkvæmt frumvarpinu getur hámarkshlutfall ábyrgðar Seðlabanka Íslands verið 50% af viðbótarrekstrarláni til fyrirtækis. Nágrannalönd okkar hafa verið að bregðast við sama vanda þó útfærslur séu mismunandi. Flestar þær útfærslur eru þó með hærri hlutdeild ríkisábyrgðar á viðbótarrekstrarlánum en hér er gert ráð fyrir. Þannig miðar Noregur við 70% og mörg ríki eru með enn hærra hlutfall, t.d. Frakkland 90%. Í sumum löndum eru viðbótarrekstrarlán alfarið á vegum ríkisaðila. Aðstæður hér á landi, ekki síst dómaframkvæmd varðandi umboðssvik, gerir það að verkum að lánastofnanir hér á landi þurfa að vera varfærnari í lánveitingum en lánastofnanir í nágrannalöndum. Aðalatriðið er að viðbótarrekstrarlán séu almennt veitt til fyrirtækja sem eru í tímabundnum lausafjávanda vegna heimsfaraldursins. Skoða þarf hvort 50% þátttaka ríkis (Seðlabanka) á ábyrgð rekstrarláns tryggji að svo sé.
2. Í frumvarpinu er lagt til grundvallar að tekjumissir fyrirtækja milli ára sé 40% eða meira til þess að Seðlabanka sé heimilt að ábyrgjast viðbótarekstrarlán. Afgreiðsla viðbótarrekstrarlána mun hefjast strax á næstu vikum. Á þeim tímamarki mun ekki liggja fyrir hver verður tekjumissir milli áranna 2019 og 2020. Engin leið er til þess að leggja hlutlægt eða öruggt mat á það í flestum tilvikum hver

verður tekjumissir fyrirtækja. Einfaldara virðist að miða hvert tekjufall á næstum mánuðum verður í samanburði sömu mánuði á árinu 2019. Nærtækara er að hægt sé að áætla það. Hugsanlega mætti nota sömu eða hliðstæð viðmið um tekjufall og notuð eru í „bandormi“ þegar verið er að ákvarða hvort fyrirtæki uppfylli skilyrði til frestunar á greiðslum opinberra gjalda. Þá myndi einnig vera ráðlegt að miða við sama hlutfall tekjumissis í báðum frumvörpum (33%). Erfitt gæti reynst að skýra fyrir fyrirtækjum af hverju þessi viðmið eru mismunandi.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Samtaka fjármálafyrirtækja



Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur